



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun
Norður-Dakota sýningar á Vesturfarasetrinu
Hofsósi
20. júní 2002**

Heiðruðu hátíðargestir,
Hofsósbúar, Skagfirðingar og aðrir lengra að komnir,
Friends and relatives from North Dakota and other
Icelandic communities in North America

Örlög ættingja okkar í Vesturheimi eru litríkur þáttur í þjóðarsögu, sterkur strengur í sjálfsvitund okkar og menningu. Erfiðismenn á sléttunum miklu og undir Klettafjöllum í vestri, skáldin sem eru svo drjúgur kafli í bókmenntasögu Íslendinga gáfu okkur ljóð og texta sem við förum gjarnan með á góðum stundum. Trúarlífið, boðskapur prestanna og hitinn í safnaðarstarfi, bækurnar, blöðin og tímaritin sem út voru gefin þar vestra, kappræður um þjóðmál og kjarna hins nýja tíma – allt rataði þetta heim til Íslands og auðgaði hugmyndaheim þeirra sem eftir sátu.

Við höfum á nýliðnum árum eignast skáldverk og fræðibækur sem varpa nýju ljósi á þessa tíma, gera okkur kleift að skilja betur fórnirnar sem færðar voru til að skapa sér og sínum nýja veröld. Fólkið hrundi niður vegna sjúkdóma, fátæktar og erfiðis, börnin dóu hvert af öðru, umhverfið framandi og búskapurinn allur annar en fjárbændur héðan úr firðinum þekktu frá landinu gamla. Það voru einatt indíánarnir sem komu Íslendingum til bjargar og alþýðufólkið frá Fróni var nægilega hispurslaust til að láta ekki ofstæki hvíta mannsins spilla góðri sambúð við þá sem átt höfðu heima á þessu mikla meginlandi í þúsundir ára, voru þar hagvanir löngu á undan Leifi heppna. Sumir hinna innfæddu lærðu jafnvel að tala ágæta íslensku auk síns móðurmáls og góð er sagan af Íslendingnum sem fór fyrir allnokkrum áratugum til Vesturheims og hitti þar vörpulegan náunga sem talaði frábæra íslensku en hafði yfirbragð indíána. Landi okkar spurði í forundran: Ert þú Íslendingur? og fékk umsvifalaust svarið: Nei, ég er Skagfirðingur.

The history which so richly links us is nowhere more evident on the American continent than on the plains in North Dakota where the farms and the churches, the Icelandic State Park and the tradition and spirit preserved by our kinsfolk bear witness to the strength of the Icelandic community.

The celebrations three years ago on the 100th Icelanders' Day in North Dakota were among the most moving experiences I have encountered since I shouldered the responsibilities of this office. They came in their thousands, our relatives and friends, sons and grandsons, daughters and granddaughters of the courageous farmers who settled in this virgin land, among the wildlife and the forests, on the plains where their agricultural endeavours were the first entrepreneurial adventures. They brought their children and grandchildren, in-laws and friends to rejoice in the achievement which their forbears had created. On this sunny day the small community in Mountain became like a river of people, all honouring the legacy of those who, after the long journey from Iceland, decided to settle on these far-reaching lands.

They changed the forests into farmlands, built small wooden huts to house their families, and were almost completely without money but all the same joined forces to finance the churches, five Icelandic churches, which are still there in testimony to the community spirit and the religious strength of the Icelanders who had come to Dakota to prosper and to succeed, to pray and to rejoice, all the time speaking Icelandic in their homes and the children only learning English when they entered the schools.

Það er einstæð reynsla að sækja Norður-Dakota heim, koma í Mountain sem meir líkist hæð eða bara hól, en fjall skyldi það heita eins í fjörðunum heima, einstæð reynsla að ganga um þessar slóðir, heimsækja bændurna sem enn búa á jörðunum sem íslensku landnemarnir gerðu að sínum og fjölskyldurnar yrkja áfram sömu akra, koma inn í íslensku kirkjurnar, vandlega smíðaðar þótt efnin væru rýr, lesa á legsteinum í kirkjugörðum og finnast maður vera við sveitakirkju norðan heiða heima á Fróni, sjá hið einstæða safn helgað landnámi Íslendinga og annarra þjóðarbrotu sem þessir frændur okkar undir forystu Magnúsar Ólafsonar hafa gert að glæsilegum vitnisburði um mikla sögu sem þarna gerðist, sögu sem nú er að hluta komin hingað á Hofsós, viðbót við Vesturfarasetrið sem á fáeinum árum hefur orðið miðstöð þeirra ræktarsemi sem við viljum sýna Vestur-Íslendingum.

The history of the Icelandic community in North Dakota which so movingly filled our hearts on the unforgettable Icelanders' Day has now been brought to Hofsós as a tribute to the early settlers, your families and

kinfolk, and as a testimony to the loyalty to the nation in the north which you are demonstrating at the dawn of the new century.

I offer you the heartfelt thanks of the people of Iceland and we are indeed proud to have such splendid relatives and friends in the extended Icelandic family.

Stjórnendur og starfsfólk Vesturfarasetursins hér á Hofsósi eiga heiður skilinn fyrir frumkvæði og atorku sem gert hafa safnið að einstæðu fræðasetri og merktum vitnisburði um sögu sem markað hefur djúp spor í menningu og þjóðarvitund okkar Íslendinga.

Það var mér sérstök ánægja að sæma Valgeir 17. júní riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu, æðstu viðurkenningu sem íslenska lýðveldið getur veitt. Sú athöfn á Bessastöðum var einnig þakkargjörð til ykkar allra sem gert hafið safnið að heiðurssetri, áfangastað sem veitir okkur nýja sýn á okkur sjálf, sögu og menningu íslenskrar þjóðar.

It is a moving experience for us all to return to Hofsós on this historic day and praise inwardly and through the exhibition which will be opened here the remarkable lives of all those who journeyed from these fjords and valleys to settle in the new land.

I hope our friends and kinsfolk from North Dakota and other Icelandic communities on the American continent will bring back to their homes a sense of the eternal gratitude that we feel in our hearts.

Ég óska ykkur öllum, Hofsósbum, Skagfirðingum og reyndar þjóðinni allri til hamingju með að Vesturfarasetrið getur nú fært okkur á vit frændfólks okkar í Dakota og ég vona einlæglega að dvölin hér verði öllum gestum til ánægju og fróðleiks.

Vesturfarasetrið hefur gert þjóð okkar ríkari í anda og auðugri af þekkingu, sýnt merkri arfleifð þá virðingu sem henni ber og ég þakka af alhug öllum sem hér hafa bæði nú og áður lagt hönd á plóg.